

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2016 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

- a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**
- |   |                 |
|---|-----------------|
| á veitusvæði HS veitna                      | 4,57 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 6,51 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli  | 4,70 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar         | 4,40 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli              | 6,43 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli               | 4,42 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur          | 5,09 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku                     | 4,10 kr./kWst.  |
- b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**
- |                   |                             |
|-------------------|-----------------------------|
| RARIK             | 3,42 kr./kWst.,             |
| Orkubú Vestfjarða | 3,24 kr./kWst.,             |
| HS veitur         | 118,03 kr./m <sup>3</sup> . |
- c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**  
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**  
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2016 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. febrúar 2016.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. febrúar 2016.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Ingi Már Pálsson.**

*Helga Barðadóttir.*